

13. Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Haldinn á samskiptaforritinu Teams þann 26. Apríl 2022 kl 14:00

Ragnheiður Pálsdóttir setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Mættir eru: Ragnheiður Pálsdóttir og Einar Jón Geirsson sem fulltrúar Dalabyggðar, Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir hönd HVE, Soffía Guðrún Guðmundsdóttir fyrir hönd félagsþjónustu Stranda og Reykhóla, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara og Thelma Rut Guðmundsdóttir fyrir hönd félagsþjónustu Borgarbyggðar og Dala.

Formaður nefndar lagði til að Thelma Rut Guðmundsdóttir riti fundargerð. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

1. Fundargerð 12. Fundar öldungaráðs:

Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Covid 19

Vel gekk að takast á við þau Covid 19 smit sem upp komu. Ekki var um andlát að ræða sem rekja má til sjúkdómsins. Boðið hefur verið upp á fjórðu bólusetningu fyrir eldri borgara en það hefur verið sýnt fram á ávinning af henni. Farið verður að skipuleggja það í næstu viku.

3. Staða á hjúkrunarrýmum

Á Silfurtúni eru hjúkrunarrými fullnýtt. Biðlisti á Silfurtúni er tvær umsóknir í hjúkrunarrými og fjórar hvíldarinnlagnir.

4. Sameining Silfurtúns og Barmahlíðar

Fundur sveitarstjóra Dalabyggðar, Sveitarstjóra Reykhóla og skrifstofustjóra Heilbrigðisráðuneytisins hefur farið fram. Næsti fundur sveitarstjóra Dalabyggðar, Sveitarstjóra Reykhóla og skrifstofustjóra Heilbrigðisráðuneytisins er áætlaður 4 – 5 maí 2022. Rætt hefur verið um sameiningu Silfurtúns og Barmahlíðar án þess að fjölga rýmum og að hvort sveitarfélag um sig muni ábyrgjast sinn hluta. Næstu skref yrðu að halda fund með stjórnnum beggja heimilanna til að ræða þá hugmynd.

5. Félagstarf aldraða

Ekkert starf var í vetur vegna samkomutakmarkanna en fengin var bingóvél og notuð fyrir vistmenn á Silfurtúni. Gönguhópurinn í Búðardal hefur haldið starfi. Aðalfundur félags eldri borgara er áætlaður í rauða kross húsinu 28. Apríl.

Tveir viðburðir eru skipulagðir í maí, bingó og félagsvist og stefnt er á að fara í ferð sem frestaðist í júní 2021. Öldungaráð hvetur til þess að það verði aukið félagsstarf í sumar.

6. Bygging leiguíbúða.

Bakkahvammur HSES stefnir að byggingu tveggja leiguíbúða í Búðardal með aldraða og fatlaða í forgang, árið 2023.

7. Umsóknir í framkvæmdasjóð aldraða

Búið að opna fyrir umsóknir. Dalabyggð sækir um vegna breytinga á baðherbergi og breytingum á tveimur íbúðum á Silfurtúni og til aðbæta aðstöðu starfsfólks, setja upp læsta skápa og fl. Óskað er eftir umsögn öldungaráðs um þessa framkvæmd til að sýna fram á

miklvægi framkvæmda. Öldungaráð lýsir yfir ánægju sinni með að þessar framkvæmdir fari í gang og telur þær nauðsynlegar.

8. Önnur mál:

Heimsókn vinnueftirlitsins á Silfurtúni

Ragnheiður kynnti skýrslu Vinnueftirlitsins vegna úttektar á Silfurtúni.

Jóna Valgerður benti á skýrslu um samþætta heilbrigðis og félagsþjónustu fyrir eldra fólk, sem unnin var fyrir Heilbrigðisráðuneytið í júní 2021. Hún hvetur til að sveitarstjórnir og öldungaráð kynni sér skýrsluna.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14:57